

Reykjavík  
21. Mars 2018

Umsögn við 127. mál, lagafrumvarp  
148. löggjafarþing 2017-2018

Er einn af fjölmörgum sem hafa stundað heimabrudd í nokkur ár og fagna þessu frumvarpi innilega. Við heimabruddarar erum það heppnir að eiga greiðan aðgang að gæðahráefni til að stunda okkar áhugamál og gerir það okkur kleift, með smá lagni auðvitað, að leggja áhersluna á gæðin. Því miður var þetta ekki raunin fyrir sirka 10 árum og voru þeir sem stunduðu þetta áhugamál mögulega meira að hugsa um magn en ekki gæði. Ætla að leyfa mér að fullyrða að hver einn og einasti sem stundar þetta áhugamál hérlendis setji ávalt gæði fyrir sig frekar en magn og því tímabært að leyfa mönnum að stunda þetta áhugamál sitt án þess að lifa við hræðslu um sektir og refsingar.

Virðingafyllt

Eymar Plédel Jónsson